

Fjárlaganefnd Alþingis  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2018

### Efni: Umsögn BHM um frumvarp til fjárlaga 2019.

„Ísland er sem fyrr lítið og opið auðlindadrifið hagkerfi sem býr við miklar sveiflur.“<sup>1</sup>

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 er lögð þung áhersla á mikilvægi þess að niðurstaða kjarasamninga á nýju ári ógni ekki árangri í efnahagsmálum og stöðugleika á vinnumarkaði. Nú er það svo að stöðirnar þrjár; stöðugleiki í efnahagsmálum, þróttmikið atvinnulíf og öflugt velferðarkerfi verða allar að vera sterkar eigi markmið stjórnvalda um efnahagslegan og félagslegan stöðugleika, ásamt áframhaldandi hagvexti að raungerast á komandi árum. Það er því á ábyrgð stjórnvalda, framkvæmdar- og löggjafarvaldsins, að skapa skilyrði sem stuðla að hagfelldum kjarasamningum. Þetta geta stjórnvöld m.a. gert með viðeigandi ráðstöfunum í ríkisfjármálum en einnig með því að standa við yfirlýsingar sem þau gáfu í febrúar 2018 í tilefni kjarasamninga við annars vegar stéttarfélag á almennum vinnumarkaði og hins vegar 17 aðildarfélög BHM.<sup>2</sup>

### Skatt- og bótakerfin

Í fjármála- og efnahagsráðuneytinu er nú unnið að endurskoðun tekjuskattkerfisins. Ekki er ljóst hvort þær tillögur líti dagsins ljós áður en fjárlagafrumvarpið hefur hlotið afgreiðslu Alþingis. Í frumvarpinu má þó lesa að tímsetning endanlegra tillagna ráðist af næstu skrefum í samskiptum ríkisstjórnar við aðila vinnumarkaðarins. Svo virðist sem ríkisstjórnin ætli að eiga einhver spil uppi í erminni þegar líða tekur á veturinn.

Lögð er til hækkun barnabóta en viðmiðunarmörk skerðinga eru enn of lág og breyta því ekki að barnabætur geta varla talist annað en fátæktarstyrkur. Hjón á meðaltekjum aðildafélaga BHM hjá ríkinu fá engar barnabætur og hækkanirnar sem hér eru lagðar til breyta þar engu um. BHM bendir

<sup>1</sup> Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019. (Lagt fyrir Alþingi á 149. Löggjafarþingi 2018-2019.) bls. 92.

<sup>2</sup> <https://www.bhm.is/media/utgafa/Yfirlýsing-rh-til-BHM---undirritad-12feb2018.pdf>

stjórnvöldum á að víða í nágrannalöndum okkar er réttur til bóta bundinn við barn en miðast ekki að öllu leyti við tekjur foreldra. Tekjutengingar geta vissulega á átt rétt á sér en hafa í tilviki barnabóta gengið svo langt að ástæða er til að staldra við og skoða hvort kerfið þjóni tilgangi sínum.

Tillögur um hækkun persónuafsláttar um 1 prósentustig umfram hækkun neysluverð og um að hækkun þrepamarka efra skattþreps miðist við vísitölu neysluverðs eru til bóta en ráða varla úrslitum í aðdraganda kjarasamninga. Þar þarf mun meira að koma til. BHM leggst ekki gegn tillögum um lækkun tryggingagjalds um 0,5% í tveimur skrefum en minnir á mikilvægi þess að þak á greiðslur úr fæðingarorlofssjóði verði hækkað svo tryggt sé að sjóðurinn geti staðið við lögbundið hlutverk sitt, að tryggja að báðir foreldrar taki fæðingarorlof óháð tekjum.

### **Tekjuhlíðin**

BHM átelur fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um víðtækar hækkanir á gjöldum sem birtast í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2019. Þessar hækkanir eru m.a. rökstuddar með vísan til þess að gjöldin hafi ekki tekið breytingum lengi. Það skýtur skökku við að stjórnvöld skuli leggja til stórauðna gjaldtöku með þessum rökum á sama tíma og þau lýsa því ítrekað yfir að ábyrgð á stöðugleika í hagkerfinu hvíli á herðum launafólks. Ýmsir hópar félagsmanna aðildarfélaganna BHM hafa beðið árum saman eftir því að launasetning þeirra verði leiðrétt í samræmi við breytingar á eðli starfanna sem þeir sinna, auknar menntunarkröfur og ábyrgð. Það er ótækt að farið sé fram á að þessir hópar bíði með sínar málefnalegu og sanngjörnu leiðréttingarkröfur í nafni stöðugleika á sama tíma og stjórnvöld leggja til verulegar hækkanir opinberra gjalda. Það er líka sérkennilegt í ljósi hækkana á launum kjörinna fulltrúa og æðstu stjórnenda ríkisins sem og stjórnenda á almennum vinnumarkaði.

### **Endurskoðun á lífeyrismálum**

Í frumvarpinu er fjallað um starfsemi lífeyrissjóðanna, vöxt þeirra og viðgang. Þar segir: „...vöxtur og breytt starfsumhverfi lífeyrissjóðanna kallar á að stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og eftir atvikum hagsmunahópar efni til samtals um endurskoðun á löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.“ BHM gerir ekki athugasemdir við að efnt verði til samtals um lífeyrissjóðina á breiðum grundvelli en vill af þessu tilefni minna löggjafann á að enn er verið að vinna úr samkomulagi BHM, BSRB og KÍ, annars vegar, og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, sem undirritað var haustið 2016. Nokkuð er í land að samkomulagið verði að fullu efnt af hálfu stjórnvalda.

## Vinumarkaðsmál

Í umræðu um stöðugleika á vinnumarkaði og breytingar á hinu íslenska vinnumarkaðslíkani er vert að hafa í huga að hérlendis ríkir kerfislæg mismunun í launasetningu ólíkra starfsstétta. Forsenda sáttar á vinnumarkaði hlýtur að felast í því að aðilar vinnumarkaðarins viðurkenni að launasetning sumra starfstétta sé ósanngjörn þar sem hún byggir á sögulegum forsendum sem eigi ekki lengur við. Hana þarf að leiðrétta áður en nýtt vinnumarkaðslíkan er innleitt. BHM lýsir vonbrigðum sínum með að stjórnvöld skuli ekki leggja línur um með hvaða hætti hægt sé að taka á launasetningu ákveðinna hópa, m.a. kvennastétta, með varanlegum hætti. BHM kallar því enn eftir forystu stjórnvalda við að taka með skilvirkum hætti á ósanngjarnri og óeðlilegri launasetningu háskólamenntaðra starfsstétta.

Þá minnir BHM á sameiginlega yfirlýsingu forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og heilbrigðisráðherra sem undirrituð var 12. febrúar 2018 í tilefni af kjarasamningum nokkurra aðildarféлага BHM við ríkið. Um langa hríð hefur fjársveltí opinbera heilbrigðiskerfisins orðið til þess að stofnanir eru ekki samkeppnishæfar um laun eða starfskjör sérfræðinga. Yfirlýsingin gefur von um breytingar til hins betra. Málefnið tengist einnig umræðunni um launamun kynjanna og kynskiptan vinnumarkað. Margar fagstéttir sem starfa í heilbrigðisþjónustu eiga það sameiginlegt að vera að mestu skipaðar konum. Verðmæti háskólamenntunarinnar sem þessar stéttir hafa aflað sér endurspeglast ekki í launasetningu þeirra. Endurmeta þarf laun þessara stétta með tilliti til menntunar.

## Umbætur í ríkisrekstri-fjórða iðnbyltingin

Í frumvarpinu er fjallað um umbætur í ríkisrekstri sem leiða af tækniframförum fjórðu iðnbyltingarinnar. Enginn vafi er á því að stafræn opinber þjónusta mun sækja í sig veðrið og sjálfsafgreiðsla færast í vöxt. Í ljósi þessa er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að stuðla að og styrkja símenntun og starfsþróun opinberra starfsmanna. BHM hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að aðilar vinnumarkaðarins, stjórnvöld og háskólasamfélagið efni til formlegs samtals og skilgreini framtíðarþarfir vinnumarkaðarins. Mikilvægt er að hefja þessa vinnu án tafar því þróunin er hröð og verður væntanlega hraðari eftir því sem á líður. Ef ekki er brugðist við í tíma er hættan sú að Ísland heltist úr lestinni, missi af þeim tækifærum sem felast í fjórðu iðnbyltingunni en sitji uppi með ýmsar neikvæðar afleiðingar hennar. Nýjar hæfnikröfur og ör tækniþróun munu breyta starfsumhverfi og verkefnum. Það gerir kröfur um að starfsfólk sé tilbúið til að tileinka sér nýja þekkingu og starfshætti. En það gerir ekki síður kröfu um að vinnuveitendur séu tilbúnir til að horfa

fram á veginn, gera starfsfólki kleift að sækja sér nauðsynlega þjálfun og búi starfsmönnum nútímalegt og samkeppnishæft starfsumhverfi. Það á við á öllum sviðum hins opinbera.

### **Fjármögnun háskólastigsins**

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lýst fögrum fyrirheitum um að fjárframlög til háskólastigsins nái meðaltali OECD ríkjanna árið 2020 og Norðurlandanna árið 2025. Hvorki fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar né fjárlagafrumvarpið endurspeglar þessi fyrirheit. BHM tekur því undir með Landsamtökum íslenskra stúdenta um að markmið ríkisstjórnarinnar í málaflokknum virðast vera orðin tóm. Það er áhyggjuefni.

### **Fjármögnun heilbrigðiskerfisins**

Ánægjulegt er að sjá að gert er ráð fyrir auknum framlögum til heilbrigðisþjónustunnar, sérstaklega 900 m.kr. framlag sem ætlað er til að styrkja heilsugæslu sem fyrsta viðkomustað sjúklinga. Einnig er bætt í hvað varðar bæði sérhæfða og almenna heilbrigðisþjónustu auk þess sem haldið er áfram við uppbyggingu Landspítalans. BHM lýsir áhyggjum af því að hér sé eingöngu verið að mæta aukinni þjónustubörf sem stafar af hækkandi aldri þjóðar. Ekki hefur verið lokið við heildstæða stefnumótun í heilbrigðismálum og fátt bendir til þess að stofnanir fái aukin fjárframlög til að bæta þjónustu og getu til þess að bjóða heilbrigðisstarfsmönnum samkeppnishæf kjör. Athygli alþingismanna er vakin á markmiði yfirlýsingar þriggja ráðherra sem birt var í tengslum við undirritun kjarasamninga 17 aðildarfélaga BHM í febrúar sl. Þar er fjallað um gerð mannaflaspár fyrir heilbrigðiskerfið, stefnu og aðgerðaráætlunar í heilbrigðismálum sem styðji við það markmið að bæta kjör heilbrigðisstétta. Í fjárlagafrumvarpinu er minnst á yfirlýsingu ráðherranna undir liðnum lýðheilsa, forvarnir og eftirlit en óljóst hvaða fjármunir eru ætlaðir til verkefnisins eða hvernig ætlunin er að dreifa þeim milli stofnana. Þó er ánægjulegt að sjá að gert er ráð fyrir 250 m.kr. hækkun til málaflokks sérhæfðrar sjúkrahúspjónustu sem ætluð er til að bæta mönnun.

### **Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna**

Mennta- menningarmálaráðherra hefur ýtt úr vör heildarendurskoðun á löggjöf um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). BHM á ekki aðild að þeirri vinnu og hefur komið óánægju sinni með það fyrirkomulag skýrt til skila. Lítt skilningur virðist vera á því að afborganir námslána nema nú ráðstöfunartekjum fólks í um einn mánuð á ári. „Tólfítti mánuðurinn“ reynist mörgum þungur baggi og hefur BHM bent

stjórnvöldum á leið til að létta þá byrði hjá fjölmörgum íslenskum fjölskyldum. Hún er að draga afborganir námslána frá stofninum sem notaður er til að reikna bætur í tekjuskattkerfinu. Þeirri hugmynd er hér með komið formlega á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis.

Í upphafi þessarar umsagnar var vísað til texta í fjárlagafrumvarpinu um að íslenskt hagkerfi sé lítið, opið, auðlindadrifið og búi þess vegna við miklar sveiflur. Hér hefur kjarni efnahgs- og atvinnulífs hér á landi verið fangaður í einni setningu. Eðlilegt er að spyrja hvort þessi umgjörð hagkerfisins sé til þess fallin að stuðla að stöðugleika á vinnumarkaði. Ofurvexti ferðapjónustunnar á síðustu árum hefur verið líkt við búhnykk en hann varð ekki nema að litlu leyti fyrir tilstilli stefnumótunar eða áætlanagerðar af hálfu stjórnvalda. Nú, þegar hægist um í ferðapjónustunni, má spyrja hvaða og hvers konar nýsköpun í atvinnulífinu stjórnvöld hyggist stuðla að á komandi árum. Um það verkefni segir í stefnu Bandalags háskólamanna: *BHM telur mikilvægt að efnahagsástand sé stöðugt og byggi á opinberri langtímastefnu sem mörkuð er í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Öflugt og framsækið atvinnu- og efnahagslíf, með áherslu á menntað vinnuafli, er ein meginforsenda góðra lífskjara og aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna.*

Virðingarfyllt,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður EHM